


AFSTÖÐUMYND 1:1000




YFIRLITSMYND LÓÐA

**BYGGINGARLÝSING - GREINARGERÐ HÖNNUÐAR:**

| | |
|---|---|
| Götuheiti: | Hlíðarhólsbraut 8 |
| Landnúmer: | L230673 |
| Matshluti: | MHL01 og MHL02 |
| Staðgreinir: | 8719-1-96280080 |
| Fasteignanúmer: | F2512319 |
| Hlutverk: | Frístundahús |

**a. Notkun:**
Um er að ræða frístundahús á 1 hæð, mhl 01. Byggingin er í notkunarflokki 3 skv. gr. 9.1.3, BR 112/2012. Einnig er um að ræða stakstætt geymsluhús, mhl 02.

**b. Aðkoma:**
Aðkoma að lóð er frá Hlíðarhólsbraut, úr austri. Gangstígar liggja frá bílastæðum að aðalinngangi. Leitast er við að raska lóð og gróðri sem minnst. Tré verða gróðursett skammt frá húsi til að mynda skjól gagnvart ríkjandi vindátt. Sólpallar verða sunnan og s-vestan megin húss með útgengi frá húsi. Þrjú bílastæði verða við húsið. Aðkoma slökkviliðs er frá Hlíðarhólsbraut.

**c. Helstu stærðir:**
Hlíðarhólsbraut 8

| Botnflötur | Brúttó m2/ | Brúttó m3/ |
|---|---|---|
| MHL01 | 150,0 m2/ | 000,0 m3/ |
| MHL02 | 15,0 m2/ | 000,0 m3/ |

**d. Stærðir lóðar, nýtingarhlutfall:**

| | | |
|---|---|---|
| Stærð lóðar samtals | | 5.000 m2/ |
| Nýtingarhlutfall | (A-rými) | 0.03 |

**e. Burðarvirki:**
Allar undirstöður og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu, gólfhiti er í botnplötu.
Allir burðarveggir sumarhússins eru úr forsteyptum 180 mm steypueiningum.
Burðarvirki í þaki er hefðbundið krossloftað sperruþak úr burðarvið 45x245mm klætt 25 x 150 mm borðaklæðningu. Svignun burðarvirkis skal uppfylla BR 112/2012 gr. 8.2.4. þar sem burðarvirki fellur í flokk A.

**f. Frágangur utanhúss:**
Útveggir:
Útveggir eru einangraðir með steinull og klæddir með loftræstri ál-klæðningu og lerki timburklæðningu að hluta. Litir álklæðningar eru dökk gráir, og lerkiklæðning er ómeðhöndluð.
Þak:
Þak er sperruþak (heitt þak) með halla 7° og verður það með klætt með mekanískt festum þakdúk í flokki T. Þakvirki er loftað ofanvert við einangrun, loftrás er a.m.k. 25 mm og tryggja skal að loftun uppfylli kröfu BR 112/2012 gr 10.5.5.
Gluggar og hurðir:
Gluggar og hurðir verða ál/tré gluggar með gasfylltu sólstopp gleri (RAL 9005 að utan, RAL 9010 að innan). Allt gler sem nær niður að gólf eða minna en 600 mm upp í gler skal vera öryggisgler og uppbygging (hert og/eða samlímt) aðlöguð aðstæðum.

**g. Handrið:**
Ekki er um handrið að ræða við húsið, jarðvegur er almennt í svipaðri hæð og pallasvæði.

**h. Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf:**

| | | |
|---|---|---|
| - Sperruþak | kólnunartala U (W/m2/K) | = 0,20 |
| - Útveggir ein. utanv. | kólnunartala U (W/m2/K) | = 0,40 |
| - Botnplata | kólnunartala U (W/m2/K) | = 0,30 |
| - Gluggar k-gler | kólnunartala U (W/m2/K) | = 2,00 |
| - Hurðir | kólnunartala U (W/m2/K) | = 3,00 |

Vegið meðaltals kólnunartala (u-gildi) útveggja skal vera undir 0,80 w/m².

Einangrun:
Botnplata er einangruð með 100 mm polystyren einangrunarplastI, sökkulveggir verða einangraðir með 100 mm þrýstiþolinni steinullareinangrun utanvert.
Útveggir verða einangraðir með 120 mm steinullareinangrun. Sperruþak verður einangrað með 220 mm steinullareinangrun með vindpappa.
Í gluggum er tvöfalt einangrunargler með a.m.k. 12mm loftrúmi í föstum gluggum en 9 mm loftrúm í opnanlegum gluggum og hurðum. Skulu gluggar og hurðir uppfylla ÍST-66 varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta.

**i. Frágangur Innanhúss:**
Klæðningar innanhúss skulu vera a.m.k. í flokki 2. Skal allur frágangur innanhúss leitast við að viðhalda góðum hljóðgæðum og uppfylla reglur BR 112/2012.

Innveggir:
Útveggir húss innanvert verða sandspartlaðir og málaðir. Innveggir verða byggðir úr blikkgrindum með 2x13 mm gipsplötum beggja vegna, í votrýmum er eru plötur rakaþolnar. Innveggir verða spartlaðir og málaðir.
Innihurðir:
Innihurðar eru hefðbundnar yfirfelldar innihurðir. Allar hurðar eru 900 mm breiðar og 2070 mm hindrunarlausar málsetningar. Ekki er um brunahólfandi hurðir að ræða.
Gólfefni:
Gólf verður parket og flísalagt. Í votrýmum verður rakavarnarkerfi undir flísalögn.
Loft:
Neðanvert í þakrými innanvert verða frá burðarvirki talið, sett er rakavarnarlag og skal gengið frá öllum samskeytum með tilheyrandi einangrunarlímbandi. Utan á grind kemur svo raflagnagrind, klædd einföldu lagi gipsplatna. Í votrýmum eru plötur rakaþolnar.
Loft verða spörtluð og máluð.

**j. Lagnir:**
Inntök eru staðsett í geymsluhúsi, mhl 02. Gólfniðurföll eru í votrýmum og í geymslu þar sem inntök veitna eru. Rotþrær verða sameiginlegar fyrir a.m.k. 4 hús, og skal stærð og staðsetning hennar háð samþykki Heilbrigðisnefndar.

Frárennsli:
Frárennsli tengist í sameiginlega rotþró svæðis. Sjá nánar texta deiliskipulags.
Neysluvatn:
Neysluvatn kemur úr veitukerfi svæðis. Neysluvatnskerfi verður rör í rör kerfi í plötu og eða innveggjum og í sérstökum lagnastokkum. Tryggja skal að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 60°C.
Hitakerfi:
Hitun hússins er úr hitaveitu á svæði frístundarbyggðarinnar. Hitakerfi hússins verður með gólfhitalögn og auk þess verða handklæðaofnar verður á salernum. Frárennsli hitaveitu skal fara í regnvatnslögn og hámarkshitastig þess skal ekki vera hærra en 20°C.

Loftræsing:
Öll rými eru náttúrulega loftræst með opnanlegum fögum þar sem það er hægt og öndunartúður þar sem þörf er á. Önnur rými eru loftræst vélrænt. Vélræn loftræsing (VLR) er í eldhús og salernum
Raflagnir:
Raflagnir eru hefðbundnar, skal hönnun uppfylla staðla ÍST 150 og ÍST 200.

**k. Brunavarnir:**
Klæðningar hússins verða í flokki 2 að lágmarki. Þakklæðning verður í flokki T (B(roof) (t2) skv. ÍST EN 13501-5).
Reykskynjarar verða í öllum svefnrýmum, stofu og geymslu til samræmis við BR 112/2012 grein 9.4.3. Reykskynjarar í geymsluhúsi vera samtengdir við reykskyjara í aðalhúsi. Handslökkvitæki verður í íbúðar rými við inngang og eldhús, og í geymslu.

BO = björgunarop úr gistirýmum (b: 600 mm / samanlögð B+H skal ná 1500 mm)
Útg. = flóttaleið um hurð
R = reykskynjurum skal koma fyrir í geymslu og aðalhúsi skv. uppdráttum.
HSL = slökkvitæki-dufttæki (ABC) og eldvarnarteppi í eldhúsi.
Arinn= frágangur arins skal vera skv. 9.6.5 & 9.6.6. BR nr 112/2012 (verði arinn settur síðar).

Brunahólfun:
Hvort hús er eitt brunahólf.
Brunaviðvörun:
Í húsinu verða hefðbundnir reykskynjarar sem brunaviðvörun.
Reyklosun:
Reyklosun er um glugga og hurðir.

**l. Hljóðvist:**
Ekki eru neinar sérstakar kröfur í deiliskipulaginu um hljóðvist.
Bygging skal hönnuð samkvæmt ÍST45:2016 í flokki C. Skal leitast við að hús nái góðri hljóðvist t.d. með vali gólfefnis og úrfærslum til að forðast hávaða.

**m. Öryggisbúnaður:**
Ekki er sérstakt öryggiskerfi í húsinu, fyrir utan reykskynjara.

**n. Tæknibúnaður:**
Ekki er um neinn sérhæfðan tækjabúnað að ræða í húsinu. Gera skal ráð fyrir rafhleðslu fyrir bíla og golfbíl.

**o. Aðgengi - hönnun:**
Byggingin er ekki hönnuð miðað við kröfur um algilda hönnun, en í samræmi við kröfur sem gildir fyrir þá notkun sem byggingin er ætluð fyrir. Hönnun er í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Leitast er við að fylgja eftirfarandi reglum með því að:
Hámarkshæð þröskulda við útihurðir verði max. 25 mm. Á inngangs-/útihurðum skal hámarksátak við opnun verða 25N á handfangi og hámarksþrýstingur/tog ver 40N. Umferðarbreidd hurða inni í byggingunni skal vera að lágmarki 830 mm.

**p. Frágangur lóðar:**
Innakstur á lóðin er frá Hlíðarhólsbraut og verður lagður malarstígur þaðan að húsi. Þrjú bílastæði verða á lóð. Pallur verður við aðalinngang hússins og eins sunnan og s-vestan við það. Við pall mun koma pottur með læstu loki sem stendur a.m.k. 400 mm upp fyrir pall. Yfirborð lóðar verður að mestu óhreyft, uppgreftri við hús verður jafnað við pall og kringum hús til að veita aðkomuvatni frá, en leitast skal við að hreyfa ekki jarðveg meira en nauðsynlegt er. Gróðursett verður ofanvert í lóð með trjám til skjólmyndunar og lágvaxta plöntum til hliðar við hús og niður með lóð. Val á gróðri skal vera þannig að útsýni annarra lóðarhafa verði ekki skert. Varðandi lóðarlýsingu skal þess gætt að ekki skapist ónæði fyrir aðliggjandi lóðir og skal lýsing vera niður á jörð.

**q. Sorpmál:**
Sorpgámar eru á landi Öndverðarness og er sorp flokkað.

**r. Rakaþétting:**
Einangrun veggja er hagað þannig að möguleiki á kuldabrú eru lágmarkaðar, þar sem þeir eru einangraðir utanfrá. Steypu sökkuls er þannig háttað að einangrun verður allan hringinn og lokar þannig aðkomu kalda lofstins að steypu. Vatnslásar og þéttiborðar eru notaðir til að lágmarka hættu á rakaþéttingu/lekum. Rakavarnarlag er að innanverðu í þaki á léttri þakbyggingunni.

**s. Öryggi:**
Við hönnun sumarhússins varðandi handrið, tröppur eða þrep er þannig hagað að reynt er að lágmarka hættu á slysum. Frágangur og umhirða skal ávallt vera þannig að ekki skapist hætta á slysum. Birta og lýsing umferðarleiða verður til að tryggja öryggi íbúa og gesta og leitast er við að ekki séu misfellur eða ójöfnur. Tekið er tillit til bleytu og hálkuvarna við val á gólfefnum.
Öryggisgler er í öllum gólfsíðum gluggum. Læstur skápur er fyrir geymslu á lyfjum og öll hreinsiefni í húsi.

**t. Auðkenni**

Auðkenni um staðsetningu frístundahúss sem gefa má upp til neyðarlínu skal vera utandyra á útvegg.

BRUTTÓSTÆRÐIR:

| | | | |
|---|---|---|---|
| LÓÐ: | 5.000 m² | | |
| MHL 01: | 150,0 m² | - | 539,7 m³ |
| Botn: | | | 30,0 m³ |
| Alls: | 150,0 m² | - | 569,7 m² |
| MHL 02: | 15,0 m² | - | 48,8 m³ |
| Botn: | | | 3,0 m³ |
| Alls: | 15,0 m² | - | 51,8 m³ |

Samtals mhl01 + mhl02: 165,0 m² - 621,5 m³

Nýtingarhlutfall : 0,03.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jón Hrafn Hlöðversson
Kt. 2606626519
Dags. 26.6.2023 09:53:39
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 26.6.2023 09:57:50
Ástæða: Samþykkt byggingarfulltrúa 21.06.2023.

mansard
teiknistofa ehf
Holtsbúð 27 - 210 Garðabæ
jonhrafn@mansard.is
Kt.: 570394-2079 - s:862-7102

Verkheiti: Hlíðarhólsbraut 8 - Öndverðarnesi
Efni: AÐALUPPDRÁTTUR
AFSTÖÐUMYND-BYGGINGARLÝSING

| | | |
|---|---|---|
| Verknúmer: A-23-05-08 | Mkv.: 1:1000 | A2 |
| Teikn. nr.: A-001 | Dags.: 05.06.2023 | |
| Hannað: JHH | Teiknað: JHH | |

Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur BFÍ
Kt.: 260662-6519
Samþykkt:




# Grunnmynd 1. hæðar
1 : 100




# Snið D-D
1 : 100




# Snið C-C
1 : 100




# Snið A-A
1 : 100




# Snið B-B
1 : 100

mansard
teiknistofa ehf
Holtsbúð 27 - 210 Garðabæ
www.mansard.is / jonhrafn@mansard.is
Kt.: 570394-2079 - s:862-7102

Verkheiti: Hlíðarhólsbraut 8 - Öndverðarnesi

Efni: Aðaluppdráttur
Grunnmynd 1. hæðar - SNIÐ A, B, C

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verknúmer: A-23-05-08 | Mkv.: | | A2 |
| Teikn. nr.: A-002 | Dags.: 29.05.2023 | | |
| Hannað: JHH | Teiknað: JHH | | |

Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur BFÍ
Kt.: 260662-6519
Samþykkt:

23.6.2023 11:48:29



Útlit s-vestur
1 : 100



Útlit n-vestur
1 : 100



Útlit n-austur
1 : 100



Útlit s-austur
1 : 100


mansard
teiknistofa ehf
Holtsbúð 27 - 210 Garðabæ
www.mansard.is / jonhrafn@mansard.is
Kt.: 570394-2079 - s:862-7102


| | | | |
|---|---|---|---|
| Verkheiti: | Hlíðarhólsbraut 8 - Öndverðarnesi | | |
| Efni: | Aðaluppdráttur<br>Útlitsmyndir | | |
| Verknúmer: | A-23-05-08 | Mkv.: | 1:100 A2 |
| Teikn. nr.: | A-003 | Dags.: | 29.05.2023 |
| Hannað: | JHH | Teiknað: | JHH |

Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur BFÍ
Kt.: 260662-6519
Samþykkt:

23.6.2023 11:48:35